

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Staðsetning og rekstur.....	2
Smitvarnaráðstafanir á landamærastöðvum.....	3
Almenn umgengi	3
Hlífðarfatnaður	3
Vinnuhlé og persónulegt hreinlæti starfsfólks	3
Þrif	3
Förgun á sorpi.....	3
Meindýravarnir.....	4
Viðbragðsáætlun - Viðbrögð við ófyrirséðum atburðum:	4
Fjarvera starfsfólks – Krossþjálfun starfsfólks	4
Tæknibílanir og aðgangur að landamærastöð	4
Tímabundin skortur á aðgengi að þjónust rannsóknarstofu	4
Þrif á neyðartímum.....	4
Öryggisráðstafanir til að fyrirbyggja útbreiðslu sjúkdóma.	4
Skyndileg lokun landamærastöðva.....	5
Geymslur	5
Geymslur fyrir ótollafgreidda vöru	5
Geymslur fyrir frábrigðavörur á landamæraeftirlitsstöð	6
Þjálfun og símenntun starfsmanna á landamæraeftirlitsstöðvum	6
Reglulegt viðhald á upplýsingum fyrir starfsmenn landamæraeftirlitsstöðva.....	6
Safnmappa.....	7
Innri úttekt landamæraeftirlitsstöðva	7
Sannprófun eftirlits.....	8
Viðhald og kvörðun á tækjum	9
Kröfur til hitamæla	9
Tilnefning landamæraeftirlitsstöðva	9
Tilnefning nýrra landamæraeftirlitsstöðva	9
Breyting á tilnefningu landamærastöðva	10
Afturköllun tilnefningar landamærastöðva	11
Tímabundin niðurfelling tilnefningar landamærastöðvar	11
Tilvísanir	11

Inngangur

Leiðbeiningarnar eru til stuðnings vinnulýsingu um rekstur landamæraeftirlitsstöðva (hér eftir nefnt landamæraastöðvar) (**VLY-086**). Leiðbeiningarnar segja til um staðsetningu og kröfur til aðstöðu og umgengni á skoðunarstöðvum á landamærum vegna innflutnings dýraafurða.

Á skoðunarstöð á landamærum verður að vera öll aðstaða til að leggja fram eftirlitskyldar afurðir frá þriðju ríkjum fyrir innflutning til EES svæðisins (ESB og EFTA ríki) og framfylgja tilskilinni sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi.

Aðstaðan á viðurkenndum skoðunarstöðvum á landamærum verður að vera í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í ákvörðun 2019/1014/EB (ísl. reglugerð nr. [375/2020](#)). Þar eru talin upp skilyrði fyrir viðurkenningu skoðunarstöðva á landamærum hvað varðar byggingar, tæknibúnað, starfsmannahald, upplýsingaskjöl, skrár og tilhögun eftirlits.

Staðsetning og rekstur

Landamæraeftirlitsstöðvar á Íslandi eru 5 (tafla 1). Umsjón með starfsemi landamæraastöðva sem reknar eru af Matvælastofnun er í höndum inn- og útflutningsdeildar í Reykjavík og þar eru staðsettir eftirlitsmenn sem annast eftirlit á öllum landamæraastöðvum.

Tafla 1. Íslenskar landamæraastöðvar, staðsetning þeirra, TRACES númer, gerð og leyfi fyrir afurðir og dýr.

Landamæraeftirlitsstöð		TRACES númer	Leyfi	Geymsluskilyrði afurða (Hitastig/ pökun)
Reykjavík, Eimskip		IS REY 1a	Allar afurðir til mannelis	Allt / pakkað
			Allar afurðir ekki til mannelis	Allt/ pakkað
Reykjavík, Samskip		IS REY 1b	Allar afurðir til mannelis	Allt / pakkað
			Allar afurðir ekki til mannelis	Allt / pakkað
Hafnarfjörður		IS HAF 1	Fiskafurðir til mannelis	Allt/ pakkað
			Fiskimjöl/ lýsi ekki til mannelis	Umhverfishiti/ pakkað
Keflavíkurflugvöllur		IS KEF 4	Allar afurðir til mannelis	Allt/ pakkað
			Allar afurðir ekki til mannelis	Allt/ pakkað
			Lifandi fiskeldisdýr	Allt
Þorlákshöfn		IS THH 1	Fiskafurðir til mannelis	Frosið/ pakkað
			Lýsi til mannelis	Umhverfishiti/ pakkað
			Lýsi ekki til mannelis	Umhverfishiti/ pakkað

Heimild: EFTA Surveillance Authority Delegated Decision 008/19/COL of 6 February 2019.

Heilbrigðissskoðun þarf að fara fram á landamæraastöð (BCP) á vörum frá 3ju ríkjum, áður en CHED er gefið út (Common Health Entry Document), (í það minnsta skjalaskoðun í tilfalli CHED-D). Tollaþgreiðsla á POAO vörum (dýraafurðir) getur ekki átt sér stað fyrr en vara hefur verið skoðuð á landamæraastöð (BCP).

Eftir skoðun á BCP og að uppfylltum innflutningsskilyrðum er CHED gefið út (staðfest). Sé varan tollafgreidd er hún komin í frjálst flæði.

Smitvarnaráðstafanir á landamæraastöðvum

Almenn umgengni

- Neysla sælgætis (tyggigúmmis), matar og/eða drykkjar má aðeins fara fram á kaffistofu.
- Allt gler, svo sem flöskur, glös eða aðrir hlutir úr gleri er bannað innan landamæraastöðvar.
- Öll notkun tóbaks er bönnuð innandyrna, svo og geymsla slíkra hluta í vinnufatnaði.
- Starfsmenn mega ekki bera skartgrip, úr eða nælur. Leyfilegt er þó að nota einfalda giftingarhringi.
- Óheimilt er að nota naglalakk, ilmvötn og ilmefni.
- Ávallt skal ganga frá öllum áhöldum á sinn stað að lokinni notkun og þrifum.
- Engin óþarfa áhöld eða búnaður á að vera á vinnslusvæðum eða í þjónusturými.
- Geyma skal útifatnað í forstofu.
- Klæðast skal skóhlífum í skoðunarherbergi.
- Hendur skal sápuþvo og sótthreinsa..

Hlífðarfatnaður

- Starfsmenn skulu klæðast hreinum, ljósum sloppum.
- Hárnét þarf að hylja hárið algerlega.
- Notka skal stígvél sem eingöngu eru til notkunar á vinnusvæði landamæraeftirlitsstöðvar eða skóhlífar sem skal henda eftir notkun.
- Einnota hönskum og svuntum skal hent eftir notkun.

Vinnuhlé og persónulegt hreinlæti starfsfólks

- Einnota svuntum og hönskum skal henda.
- Fara skal úr hlífðarfatnaði í skiptiherbergi. Aldrei má skilja hlífðarfatnað eftir á stólbökum eða borðum.
- Að lokinni salernisnotkun skal sápuþvo hendur og sótthreinsa.
- Aldrei skal hósta eða hnerra yfir matvæli.
- Ef óhreininn flötur er snertur með höndum skal þvo hendur og sótthreinsaáður en matvæli eru snert.

Þrif

- Að loknum vinnudegi skal þrifa vinnusvæði skv. þrifaáætlun (**LBE-082**) og eftir atvikum, fylla út eyðublað með staðfestingu á þrifum (**EBL-076**). Mikilvægt er að þrifa sérstaklega og sótthreinsa samkvæmt hreinlætisáætlun milli mismunandi afurðaflokka af dýraafurðum, sem og milli afurða sem eru til manneldis og þeirra sem eru ekki til manneldis.
- Þrifa skal hlífðarfatnað.
- Hefðbundnar ræstingar eru á vegum leigusala. Ræstiáætlanir þjónustuaðila má finna í möppu á U-drifi (Þrif og meindýravarnir) undir viðeigandi landamæraastöð.
- Slóðin er: U:\A_Landamæraeftirlit\BCP-EFTIRLIT\Landamarastodvar

Förgun á sorpi

- Ræstifyrirtæki sjá um að tæma ruslafötur og farga í samræmi við ræstiáætlun (tæmdar a.m.k einu sinni í viku).
- Lífrænum úrgangi er fargað í lok hvers vinnudags. Gæta skal að mögulegri krossmengun.
- Förgun vöru er samkvæmt VLY-039 um höfnun vöru.

Meindýravarnir

- Meindýraeftirlit er á vegum leigusala en því er úthýst til sérhæfðra þjónustuaðila.
- Verklýsingar er að finna í möppu á U-drifi (Þrif og meindýravarnir) undir viðeigandi landamærastöð. Slóðin er: U:\A_Landamæraeftirlit\BCP-EFTIRLIT\Landamarastodvar

Viðbragðsáætlun - Viðbrögð við ófyrirséðum atburðum:

Fjarvera starfsfólks – Krossþjálfun starfsfólks

- Starfsmenn sem sinna málaflokknum skulu hafa grunnþekkingu á hlutverkum og skyldum hvers annars, til að geta sinnt verkefnum í afleysingum. Sjá nánar í kaflanum: „Þjálfun og símenntun starfsmanna landamæraeftirlits“.
- Starfsmenn skulu þekkja helstu skráningar og upplýsingakerfi MAST og viðeigandi verklagsreglur sem lúta að landamæraeftirliti.
- Staðgengill er eftir atvikum tilnefndur í fjarveru deildarstjóra inn- og útflutningsdeildar. Deildarstjóri leitar til mannauðsstjóra MAST þegar manna þarf tímabundin störf.

Tæknibilanir og aðgangur að landamæraeftirliti

- Upplýsingatæknideild MAST (UT og rekstur) veitir tölvutengda aðstoð.
- Fjaraaðstoð: Utanaðkomandi rekstaráðili veitir tækniástoð eftir þöfum. (OK s 570-100 / ok@selfoss.is)
- Verkefnastjóri rekstrar- og þjónustu veitir aðstoð vegna bilana í skjala- og málkerfi - ONE System.
- Aðgangur: Ef aðgangskort virka ekki skal hafa samband við leigusala.

Tímabundin skortur á aðgengi að þjónusturannsóknarstofu

- Liggi rannsóknarþjónustan hjá MATÍS niðri, er hægt að hafa samband við Rannsóknarþjónustu Sýni ehf., eða senda sýni á rannsóknarstofu erlendis (t.d. í gegnum MATÍS).
- Eftir atvikum, skulu óskoðaðar vörur tímabundið geymdar í viðeigandi kæli- og frystiskápum /rýmum.

Þrif á neyðartímum

- Ef þrifþjónusta liggur tímabundið niðri, skulu starfsmenn MAST sjá um þrif á landamæraeftirliti í samræmi við þrifaáætlun (LBE-080).

Öryggisráðstafanir til að fyrirbyggja útbreiðslu sjúkdóma.

- Starfsfólk skal vera meðvitað um viðeigandi smitvarnarráðstafanir.
- Lítil hætta er á atvikum sem leitt geta til útbreiðslu sjúkdóma, á landamæraeftirliti sem höndla eingöngu með pakkaðar vörur.
- Ef upp koma tilvik sem leitt geta til útbreiðslu sjúkdóma skal strax hafa samband við yfirmann /deildastjóra um fyrirbyggjandi ráðstafanir og hvort virkja þurfi neyðarviðbragðsáætlanir.
- Eftir atvikum má leita til viðbragðsteymis MAST sem samanstendur af hópi starfsmanna sem fengið hafa alhliða þjálfun til að takast á við atvik sem leitt geta til útbreiðslu óvæntra sjúkdóma.
- Gæta skal fyllstu varúðar við meðhöndlun á vörum sem hugsanlega eru sýktar. Koma skal vörum fyrir á viðeigandi stað þar, sjá nánar í kaflanum "Geymslur fyrir frábrigðavörur á landamæraeftirliti". Þar sem við á skulu sendingar vera einangraðar eða settar í sóttkví þar til niðurstaða opinbers eftirlits liggur fyrir. Tilkynna þarf atvikið og ákvörðun MAST um aukið eftirlit í gegnum IMSOC.
- Sóttkví: Gerist þörf á að einangra vörur á landamæraeftirliti sem grunur leikur á að beri smitefni skal tryggja að slík aðstaða uppfylli viðeigandi staðla um smitvarnir.
- Tilkynna skal um atvik vegna óheilmærra vara eða vara sem hugsanlega bera smit í innflutningi, í gegnum samevrópska tilkynningakerfið IMSOC / RASFF.
- Bera þarf kennsl á hugsanlega smitþættu á landamæraeftirliti. Þegar greiningar á innflutningi standa yfir við gerð sýnatökuáætlunar, skal leggja mat á magn og tegund innfluttra afurða m.t.t.

áhættu fyrir heilsu manna, dýra og umhverfis. Einnig skal skoða hvaðan vörurnar koma m.t.t. sjúkdómastöðu í viðkomandi landi.

- Að örðu leyti skal fylgja verklagi samkvæmt vinnulýsingu VLY-039 um höfnun vöru.

Skyndileg lokun landamærastöðva

- Huga að viðeigandi ráðstöfun og geymslu á vörum á meðan lokun stendur yfir í samráði við leigusala.

Geymslur

Geymslur á landamærastöð skulu vera auðsýnilega merktar m.t.t. þess hvort þær eru fyrir manneldisvöru (HC) eða vöru ekki til manneldis (NHC). Gæta skal sérstaklega að því að setja aldrei saman í geymslu vöru sem er til manneldis og vöru sem er ekki til manneldis.

Geymslur fyrir ótollafgreidda vöru

Eftirlitsskyldar afurðir sem fluttar eru inn frá 3ju ríkjum skulu geymdar á afmörkuðu svæði þar til CHED hefur verið gefið út.

Engin tollvörugeymsla, tollfrjálst vöruhús eða tollfrjálst svæði er samþykkt héraendis samkvæmt 23. gr. reglugerðar ([ESB\) 2129/2019](#) (íslensk reglugerð [nr. 487/2020](#)) til geymslu á ósamþykktum dýraafurðum.

Listi yfir aðrar geymslur ótollafgreiddra vara er birtur hér:

<https://www.skatturinn.is/atvinnurekstur/tollamal/tolleftirlit/geymslur/>

Listinn er uppfærður eftir því sem nýjar geymslur bætast við/hætta rekstri.

Sjá einnig undir: U:\A_Landamæraeftirlit\BIP-EFTIRLIT\Safnmappa\5- Geymslur

Geymslur fyrir ótollafgreiddar vörur í tengslum við landamæraeftirlitsstöðvar skulu vera samþykktar af íslenskum stjórnvöldum og hafa íslenskt samþykkisnúmer (Tafla 2).

Tafla 2. Staðsetning og samþykkisnúmer frystigeymsla við landamæraeftirlitsstöðvar.

Landamæraeftirlitsstöð			Frystigeymsla	
Landamæraeftirlitsstöð	Heimilisfang	TRACES nr.	Nafn og heimilisfang	Samþykkis nr.
Hafnarfjörður	Óseyrarbraut 220 Hafnarfirði	IS HAF 1	Fjarðarfrost, Óseyrarbraut 14	A423
Keflavík Airport	235 Keflavíkurlugvöllur	IS KEF 4	Flugþjónustan Kef. ehf. Keflavíkurlugvöllur	A426
Reykjavík (Eimskip)	Sundafrost, Klettagörðum 103 Reykjavík	IS REY 1a	Sundafrost Sundahöfn	A640
Reykjavík (Samskip)	Ísheimar, Kjalarvogi 7-15 104 Reykjavík	IS REY 1b	Samskip hf (Holtabakka) Kjalarvogur	A602
Þorlákshöfn	Hafnarskeiði 12 815 Þorlákshöfn	IS THH 1	Ísfélag Þorlákshafnar hf. Hafnarskeiði 12	A508

Geymslur fyrir frábrigðavörur á landamæraeftirlitsstöð

Eftirlitsskyldar afurðir sem ekki uppfylla kröfur um innflutning þarf að meðhöndla sem frábrigðavöru og setja í vörslu. Vöruna þarf að geyma við stýrð hitaskilyrði í geymslu á landamæraeftirlitsstöð. Ef um stóra sendingu er að ræða skal geyma frábrigðavöruna í læstri og afmarkaðri geymslu viðskiptaaðila í tengslum við landamæraastöð (tafla 2).

Aldrei má setja saman í geymslu vöru sem er til manneldis (HC) og vöru sem ekki er til manneldis (NHC).

Mikilvægt er að fylgjast með hitastigi geymslunnar á geymslutíma vörunnar. Í þeim tilfellum þar sem ekki er um sjálfvirka skráningu hitastigs að ræða, skal skrá hitastig a.m.k. tvisvar á dag á hitaskráningareyðublað (**EBL-046**).

Þjálfun og símenntun starfsmanna á landamæraeftirlitsstöðvum

Þjálfun starfsmanna miðar af því að gera starfsfólki kleift að takast á við verkefni landamæraastöðva á skilvirkan hátt. Matvælastofnun ber að sýna fram á hæfni starfsmanna sem vinna við innflutningseftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum. Í byrjun árs gerir deildarstjóri inn- og útflutningsdeildar áætlun um þjálfun starfsmanna.

Haldið er utan um þjálfun starfsmanna í hæfnisstjórnunarkerfinu CCQ. Þar er skráð öll þjálfun sem farið hefur fram af hálfu MAST og einnig starfsmenntun utan stofnunarinnar. Starfsþjálfun sérfræðinga á sviði inn- og útflutnings er í samræmi við þjálfunaráætlun MAST (LBE-198) og tekur mið af reglugerð 508/2020 (EB 2019/1081).

Eyðublöð fyrir þjálfun starfsmanna má finna undir: S:\ÞJÁLFUN STARFSMANNNA\Inn- og útflutningur\Fagþjálfun - Eyðublöð

Eldri gögn um þjálfunaráætlun og skráningu á símenntun starfsmanna landamæraeftirlitsstöðva má finna undir má finna á U:\A_Landamæraeftirlit\BIP-EFTIRLIT\Skilvirkni_opinbers_eftirlits\4_Starfsfólk\

Reglulegt viðhald á upplýsingum fyrir starfsmenn landamæraeftirlitsstöðva

Matvælastofnun ber að sýna fram á að nýjar upplýsingar varðandi landamæraeftirlit berist til starfsmanna landamæraeftirlitsstöðva. Fagsviðsstjóri heldur utan um nauðsynlegar upplýsingar og færir

inn nýjar tilkynningar í Excel-skjal: „BIP eftirlitsupplýsingar.xlsx“ undir: U:\A_Landamæraeftirlit\BIP-EFTIRLIT

Sami starfsmaður sér um að senda starfsmönnum landamæraastöðva samantekt um nýjustu tilkynningar.

Tilkynningar um uppfærslu á reglugerðabreytingum (m.a. um innflutningseftirlit) má finna á eftirfarandi stöðum:

- Í [Official Journal of the European Union](#) (EUR-Lex)
- Á heimasíðu JUST ([Directorate-General Health and Food quality](#)):
- Með innsendum tilkynningum frá MAST (tölvupóstar frá stjórnarsýslusviði), sbr:
 - Nýjar gerðir sem hafa verið birtar og settar á heimasíðu MAST
 - Simplified Procedure – (áframsendir póstur frá EFTA IMD Foodchain (foodchain@efta.int). Tölvupóstar ætlaðir „Working Group of the Food Chain“ – Veterinary Matters).

Safnmappa

Tafla 3. Efnisyfirlit yfir SAFNMÖPPU (SKRA-082).

 SAFNMAPPA
<ol style="list-style-type: none"> 1. Tollur 2. Heilbrigðisvottorð 3. Landamæraastöðvar ESB 4. Landamæraastöðvar Íslands og Noregs 5. Geymslur 6. Landalistar 7. Traces 8. Vörur sem skal skoða 9. Öryggisráðstafanir 10. Eftirlitsáætlun 11. Vörunúmer/ tollkóðar 12. Vöru hafnað 13. Tengiliðir 14. Samningar 15. Starfsstöðvar 16. Ýmislegt 17. CITES
INNFLUTNINGSEFTIRLIT

Ofangreindar tilkynningar eru oftast ný skjöl um öryggisákvæði og breytingar sem varða landamæraeftirlit, sem eiga að vera aðgengilegar hverri landamæraeftirlitsstöð. Safnmappa (SKRA-082, Tafla 3) er geymd í rafrænni útgáfu undir:

U:\A_Landamæraeftirlit\BIP-EFTIRLIT\Safnmappa

Safnmappan hefur sautján undirkafla eða flipa. Þar má finna nauðsynleg skjöl sem nota skal við innflutningseftirlit á eftirlitsskyldum afurðum, sem og hagnýtar upplýsingar t.d. um tengiliði eða þjónustuaðila sem tengjast rekstri á hverri landamæraeftirlitsstöð (flipi 13).

Innri úttekt landamæraeftirlitsstöðva

Innri úttekt á öllum landamæraastöðvum skal fara fram í lok hvers árs af starfsmanni inn- og útflutningsdeildar. Skoðun þessi skal framkvæmd skv. vinnulýsingu um rekstur landamæraastöðva (VLY-086) og nota skal gátlista um innri úttekt landamæraeftirlitsstöðva (GAT-040).

Skoða skal aðbúnað, tæki og tól á landamæraastöð samkvæmt öllum atriðum sem koma fram í gátlista (GAT-040). Starfsmaður athugar hvert atriði gátlistans gaumgæfilega og skráir hvort þau standist skilyrði. Athugasemdir skal skrá eftir þörfum. Að lokinni skoðun er dagsetning skráð og gátlistinn undirritaður.

Geyma skal útfylltan gátlista í möppu á skrifstofu fagsviðsstjóra inn- og útflutningsdeildar með heitið „BCP – Innri úttektir (**SKRA-093**)“.

Útfylltir gátlistar eru skannaðir og vistaðir á slóðinni: U:\A_Landamaraeftirlit\BCP-EFTIRLIT\Skilvirkni_opinbers_eftirlits\10. Sannprófun aðferða\Árleg úttekt-Starfsemi og verklag á landamæraeftirlitsstöðvum.

Sannprófun eftirlits

Sannprófun á eftirliti með landamærastöðvum (verification of effectiveness) fer fram í lok hvers árs og felur í sér eftirfarandi:

- Samantekt á niðurstöðum úr innra eftirliti með landamærastöðvum (GAT-040)
- Sannprófun á skjalaskoðun
- Sannprófun auðkennisskoðunar
- Sannprófun heilnæmisskoðunar (þ.á.m. sannprófun sýnatökuáætlunar)

Fagsviðsstjóri tekur saman ársskýrslu þar sem fram koma annmarkar og dagsettar úrbótakröfur. Gerð er skýrsla um sannprófun eftirlits á landamærastöðvum vegna sendinga af:

- dýraafurðum:
 - „Sannprófun eftirlits á landamærastöðvum vegna POAO sendinga_CHEd_ártal“
- matvælum og fóðri sem ekki eiga uppruna í dýraríkinu (PNAO) og um gilda sérstök innflutningsskilyrði:
 - „Sannprófun eftirlits á landamærastöðvum vegna PNAO sendinga_CHEdD_ártal“

Skýrslurnar eru vistaðar (undir viðeigandi ártali) á U-drifi á slóðinni:

- ➔ U:\A_Landamaraeftirlit\BCP-EFTIRLIT\Skilvirkni_opinbers_eftirlits\10. Sannprófun aðferða
n.t.t. í möppu sem ber heitið:
- ➔ „Árleg úttekt – Starfsemi og verklag á landamærastöðvum“, (undir viðeigandi ártali).

Inna eftirlit með landamærastöðvum er framkvæmt í samræmi við gátlista (GAT-040). Dagsettar úrbótakröfur eru teknar saman í Excelskjál „Árleg úttekt_BIP“ sem vistað er á sama stað, og síðar færðar í skýrsluna um sannprófun eftirlits.

Ef þörf er á, skal skrifa bréf til eiganda húsnæðis með samantekt á atriðum sem þarfnast úrbóta varðandi húsnæðið.

Sannprófun á skjalaskoðun fer þannig fram að 1% sendinga eru valin af handahófi (c.a 17-20 random CHED) til endurskoðunar. Skjalaeftirlit með sendingunni er yfirfarið af eftirlitsmanni, öðrum en þeim sem upphaflega afgreiddi sendinguna. Skjölín eru yfirfarin, m.a. hvort heilbrigðisvottorði sé rétt útfyllt (og viðeigandi textar yfirstrikaðir) og hvort upplýsingar í vottorðinu séu í fullu samræmi við upplýsingar í Traces skjalinu (CHED).

Við sannprófun heilnæmisskoðunar þarf m.a. að kanna hvort sýnatökur hafa verið í samræmi þá við þá sýnatökuáætlun sem lagt var upp með, og eftir atvikum, í samræmi við skilgreinda tíðni sýnatöku í reglugerðum. Matið er lagt til grundvallar á nýrri sýnatökuáætlun.

Athugasemdir og annmarkar sem fram koma í sannprófun á skjala- og heilnæmiseftirliti eru færðar í skýrsluna um sannprófun eftirlits.

Yfirfara þarf sértaklega niðurstöðukaflann í skýrslu um sannprófun eftirlits frá fyrra ári og skoða hvort viðunandi úrbætur hafi verið gerðar á þar greindum annmörkum. Rýna þarf markmið sem ekki hafa gengið eftir og eftir atvikum, leggja fram nýja úrbótaáætlun.

Viðhald og kvörðun á tækjum

Í tengslum við úttekt landamæraeftirlitsstöðva skal halda skrá yfir kvörðun á tækjum sem notuð eru við heilnæmiseftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum. Niðurstöður kvörðunar eru vistaðir í möppu: „BCP – Mælitæki (**SKRA-084**) og undir: U:\A_Landamæraeftirlit\BIP-EFTIRLIT\Skilvirkni opinbers_ eftirlits\10. Sannprófun aðferða\Tæki-kvörðun og viðhald

Kröfur til hitamæla

Hitamæla skal prófa í samræmi við kvarðaðan hitamæli einu sinni á ári.

Viðbragð mælis þarf að vera slíkt að munur milli upprunalegs aflestrar og aflestur í vöru náist a.m.k. 90% innan þriggja mínútna.

Nákvæmni mælisins þarf að vera $\pm 0,5^\circ \text{C}$ á mælisviðinu -20°C til 30°C .

Aflestur mælisins þarf að hafa nákvæmni upp á $\pm 0,1^\circ \text{C}$.

Nákvæmni mælisins þarf að athuga reglulega.

Hitanemann þarf að vera hægt að hreinsa auðveldlega.

Hitaneminn þarf að vera af viðeigandi tegund/lögun, m.a. til þess að tryggja snertingu við vöruna.

Tilnefning landamæraeftirlitsstöðva

Tilnefning nýrra landamæraeftirlitsstöðva

Það er í höndum Matvælastofnunar að tilnefna landamæraeftirlitsstöðvar í samræmi við 59. gr. eftirlitsreglugerðarinnar 625/2017. Áður en landamæraeftirlit er tilnefnd skal tilkynning send til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Sá sem hyggst setja á laggirnar landamæraeftirlit skal senda umsókn þess efnis til Matvælastofnunar, með tölvupósti til bcp@mast.is. Reglugerð ESB nr. 2019/1014 kveður á um lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlit. Upplýsingar vegna þessa er að finna á vef Matvælastofnunar.

Eftirfarandi lágmarksupplýsingar skulu koma fram í og/eða fylgja umsókn

- Gildissvið, þ.e. afurðir/vöruflokkar sem taka má til skoðunar á stöðinni.
- Nákvæm staðsetning og kort
- Teikningar
- Flæðirit, þ.e. lýsing á flæði annars vegar starfsfólks og hins vegar vöru um stöðina.

Móttaka umsókna og málsmeðferð

- Fagsviðsstjóri landamæraeftirlits heldur utan um umsóknir og vistar í málaskrá. Hafi öll nauðsynleg gögn verið lögð fram skal umsóknin kynnt BCP teymi innan tveggja vikna.
- BCP teymi metur umsóknargögn og gerir úttekt á stöðinni og notar til þess matstöfluna *Notification for a border control post or inspection centre thereof*. Hægt er að nálgast nýjustu útgáfu töflunnar hjá ESA.
- Niðurstaða mats Matvælastofnunar skal liggja fyrir innan þriggja mánaða frá því að umsókn berst, þ.e. svo fremi sem öll nauðsynleg gögn hafa verið lögð fram.

- Sé niðurstaða mats á þá leið að stöðin uppfylli lágmarkskröfur skal tilkynningin send til ESA.
- Ef lágmarkskröfur teljast ekki uppfylltar skal umsækjandi upplýstur um það og gefið færi á að gera viðeigandi úrbætur.
- Innan þriggja mánaða frá því að tilkynning berst ESA skal stofnunin upplýsa Matvælastofnun um hvort tilnefning stöðvarinnar sé háð jákvæðri útkomu úttektar af hálfu ESA til að staðfesta lágmarkskröfur og um dagsetningu slíkrar úttektar sem skal fara fram eigi síðar en 6 mánuðum eftir að tilkynning berst.
- Tilnefningu skal frestað þar til jákvæð útkoma úttektar af hálfu ESA liggur fyrir.
- Í þeim tilvikum sem úttekt af hálfu ESA er ekki nauðsynleg er Matvælastofnun heimilt að halda áfram með tilnefninguna.
- Tilnefningu lýkur með leyfisbréfi útgefnu af Matvælastofnun og birtingu upplýsinga um landamærastöðina á vef stofnunarinnar.
- Matvælastofnun sendir að lokum upplýsingar um tilnefninguna til ESA og óskar eftir að viðkomandi landamærastöð verði skráð í Traces.

Breyting á tilnefningu landamærastöðva

Með breytingu á tilnefningu er átt við útvíkkun á gildissviði landamærastöðvar, flutning stöðvar eða aðrar breytingar.

Rekstraraðili landamærastöðvar skal senda umsókn til Matvælastofnunar, með tölvupósti til bcp@mast.is.

Eftirfarandi lágmarksupplýsingar skulu koma fram í og/eða fylgja umsókn

- Útvíkkun á gildissviði, þ.e. hvaða afurðir/vöruflokkar sem taka má til skoðunar á stöðinni til viðbótar við vöruflokka sem þegar eru skráðir.
- Uppfærðar teikningar
- Uppfært flæðirit, þ.e. lýsing á flæði annars vegar starfsfólks og hins vegar vöru um stöðina.

Móttaka umsókna og málsmeðferð

- Fagsviðsstjóri landamæraeftirlits heldur utan um umsóknir og vistar í málaskrá. Hafi öll nauðsynleg gögn verið lögð fram skal umsóknin kynnt BCP teymi innan tveggja vikna.
- BCP teymi metur umsóknargögn og gerir úttekt á stöðinni og notar til þess matstöfluna *Notification for a border control post or inspection centre thereof*. Hægt er að nálgast nýjustu útgáfu töflunnar hjá ESA.
- Niðurstaða mats Matvælastofnunar skal liggja fyrir innan þriggja mánaða frá því að umsókn berst, þ.e. svo fremi sem öll nauðsynleg gögn hafa verið lögð fram.
- Sé niðurstaða mats á þá leið að stöðin uppfylli lágmarkskröfur skal tilkynningin send til ESA.
- Ef lágmarkskröfur teljast ekki uppfylltar skal umsækjandi upplýstur um það og gefið færi á að gera viðeigandi úrbætur.
- Innan þriggja mánaða frá því að tilkynning berst ESA skal stofnunin upplýsa Matvælastofnun um hvort tilnefning stöðvarinnar sé háð jákvæðri útkomu úttektar af hálfu ESA til að staðfesta lágmarkskröfur og um dagsetningu slíkrar úttektar sem skal fara fram eigi síðar en 6 mánuðum eftir að tilkynning berst.

- Breytingu á tilnefningu skal frestað þar til jákvæð útkoma úttektar af hálfu ESA liggur fyrir.
- Í þeim tilvikum sem úttekt af hálfu ESA er ekki nauðsynleg er Matvælastofnun heimilt að halda áfram með tilnefninguna.
- Breytingu á tilnefningu lýkur með leyfisbréfi útgefnu af Matvælastofnun og birtingu uppfærðra upplýsinga um landamærastöðina á vef stofnunarinnar.
- Matvælastofnun sendir að lokum upplýsingar um breytta tilnefningu til ESA og óskar eftir að viðkomandi breytingar verði gerðar á skráningu landamærastöðvar í Traces.

Afturköllun tilnefningar landamærastöðva

Matvælastofnun skal afturkalla tilnefningu landamæraeftirlitsstöðva fyrir alla flokka eða tiltekna flokka dýra og vara eftir því sem við á ef stöðvar hætta að uppfylla kröfur um tilnefningu.

Rekstraraðila skal tilkynnt um fyrirhugaða afturköllun. Í tilkynningu skal gert grein fyrir rökstuðningi fyrirhugaðrar afturköllunar og gefinn frestur til úrbóta. Verði úrbætur ekki gerðar skal stofnunin afturkalla tilnefninguna og fjarlægja landamærastöðina af skrá stofnunarinnar.

Afturköllun skal tilkynnt til ESA með beiðni um afskráningu viðkomandi stöðvar í Traces.

Tímabundin niðurfelling tilnefningar landamærastöðvar

Matvælastofnun skal fella tilnefningu landamærastöðvar tímabundið úr gildi og fyrirskipa að starfsemi hennar verði stöðvuð, að því er varðar alla flokka eða tiltekna flokka dýra og vara sem tilnefningin var gerð fyrir, í tilvikum þar sem slík starfsemi getur leitt til áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra eða plantna, velferð dýra eða, að því er varðar erfðabreyttar lífverur og plöntuverndarvörur, einnig fyrir umhverfið. Ef um er að ræða alvarlega áhættu skal tímabundin niðurfelling taka gildi tafarlaust.

- Matvælastofnun skal tafarlaust upplýsa ESA og aðildarríki ESB/EES um tímabundna niðurfellingu á tilnefningu landamærastöðvar og um rökstuðning fyrir slíkri tímabundinni niðurfellingu.
- Tímabundin niðurfelling skal tilgreind í skrá stofnunarinnar um landamærastöðvar og í Traces.

Matvælastofnun skal afnema tímabundnu niðurfellinguna, um leið og stofnunin hefur fullvissað sig um eftirfarandi

- Að áhættan sé ekki lengur fyrir hendi og
- ESA og aðildarríkjum ESB/EES hefur verið tilkynnt um rökstuðning fyrir afturköllun tímabundinnar niðurfellingar

Tilvísanir

- Reglugerð [EU 2019/1014](#) um ítarlegar reglur um lágmarkskröfur fyrir viðurkenningu á landamæraeftirlitsstöðvum sem annast m.a. dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum sem eru fluttar inn í bandalagið frá þriðju löndum. Innleidd héraðs með reglugerð nr. [375/2020](#).
- EFTA Surveillance Authority Delegated Decision [008/19/COL](#) of 6 February 2019.
- Reglugerð [557/1993](#) um hraðfrost matvæli með síðari breytingum.
- Reglugerð [2017/625/EB](#) um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi með matvælum, fódri o.fl. Innleidd héraðs með reglugerð [234/2020](#).